

Athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlun Þjórsárdals

sem er til kynningar og umsagnar til 24 apríl 2023.

Undirritaður er líffræðingur og þekkir nokkuð til Þjórsárdals, bæði sem ferðamaður og einnig af þátttöku í Hekluskógaverkefninu undanfarinn áratug, með Sjálfbodaliðasamtökum um náttúruvernd, aðallega á svæðinu við Sandá, Vegghamar og nyrsta hluta Dímon.

1. Friðlýsing þessi og og verndaráætlunin er fagnaðarefni! Þó ber að harma að friðlandið nái ekki lengra til vesturs og suðurs, lengra niður með Sandá og nái yfir rústir fornþýla á því svæði. Einnig vantar þar mikilvæg örnefni á kortið.

2. Í stefnu varðandi **jarðminjar** segir m.a.: „Gera skal reglulega úttekt á ástandi gervigíga á svæðinu í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og koma í veg fyrir að uppgræðsluplöntur hafi áhrif á verndargildi þeirra.“

Þessu tengt segir um **gróður**, vistgerðir og jarðveg:

„Óheimilt er að dreifa framandi tegundum á svæðinu og vinna skal gegn útbreiðslu þeirra, sérstaklega innan náttúruvætta, á gervigígum og annarsstaðar þar sem hætta er á röskun á verndargildi.“

Í lok þessa kafla segir: „**Árlegar aðgerðir**: Vöktun á famgangi framandi ágengra tegunda plantna og skal stuðla að upprætingu þeirra eftir þörfum.

Þessi ákvæði eru loðin og ónákvæm, því ágengar plöntur eru engin lömb að leika sér við. Einnig væri æskilegt að velja sérstakan hluta af gervigígum og einbeita sér að verndun þar, þannig að hluti gíganna verði áfram sýnilegir en hverfi ekki í skóg og annan gróður.

Því ber að gagna að síðast í plagginu, í aðgerðaráætlun árin 2023 – 2026 segir m.a. um jarðminjar og gróður að: „gerð verði úttekt á ástandi gervigíga í samstarfi við Náttúrufræðistofnun Íslands og gripið til ráðstafana ef hætta er á röskun á verndargildi þeirra. Komið verði í veg fyrir útbreiðslu lúpínu innan náttúruvætta og unnið að upprætingu hennar innan náttúruvættisins Hjálparfoss.“ Nú er bara að vona að hægt verði að standa við þetta.

3. Í kafla um endurheimt vistkerfa ber að fagna því að unnið skuli áfram að **endurheimt birkiskóga** og ekki síður því að „óheimilt er að gróðursetja aðrar trjategundir en innlendar á friðlýsta svæðinu sbr. 10. gr. auglýsingar nr. 110/2020.“ Unnið hefur verið skipulega að endurheimt birkiskógaí tvo áraguti undir merkjum Hekluskóga og hefði auðvitað átt að nefna það verkefni í þessu samhengi. Í því verkefni hefur þó þess ekki verið gætt sem skyldi að hlífa verðmætasta hluta gervigíganna og í einhverjum tilvikum verið gróðursett of nálægt þekktum fornleifum.

Ítrekað höfum við í Sjálfbodaliðasamtökunum orðið fyrir þeirri bitru reynslu að þegar líður á sumar kemur sauðfé gegnum lélegar girðingar og étur birkinýgræðinginn. Þarna þyrfti að kveða á um að svæðin, þar sem unnið er að endurheimt birkiskóga, skuli **verja fyrir ágangi sauðfjár**. Reyndar segir síðar í kaflanum Landbúnaður: „Sauðfjárbreit skal vera sjálfbær innan landslagsverndar-svæðisins og ekki valda jarðvegsrofi eða gróðurskemmdum.“ Þarna mætti tiltaka sérstaklega verndun birkiungviðis fyrir beit.

Með vinsemd og virðingu.

Þorvaldur Örn Arnason,

líffræðingur og sjálfbodaliða að náttúruvernd.

valdurom@simnet.is s.895 6841